



Fundargerð stjórnar LSS

Fundarstjóri: Stefán Pétursson, formaður LSS.	Fundur nr. 260
Fundarritari: Hermann Sigurðsson	Reykjavík, 15.12.17
Mættir: Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS. Jón Pétursson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Lárus Steinþór Björnsson, varaformaður LSS. Magnús Smári Smáráson, ritari LSS. Stefán Pétursson, formaður LSS.	Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík Frá kl. 14:30 Til kl. 18:30
Fjarverandi: Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra.	

Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	Setning SP setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	SP
2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.	SP
3	Inntaka nýrra félaga Engir nýir félagar. SP fór yfir aðdraganda úrsagna nokkurra félagsmeðlima. Allir sammála um að ekki væri hægt að segja sig úr félaginu á miðju tímabili. HS falið að svara erindinu. Að auki óskuðu félagsmennirnir eftir aukaaðild en því er hafnað að svo stöddu þar sem lagaheimildir félagsins heimila það ekki. Ekki var búið að kanna hjá BSRB hvort aukaaðilar geti greitt í tryggingasjóð án þess að vera fullgildir meðlimir félagsins. HS var falið að kanna það fyrir næsta fund.	SP
4	Starfið á milli funda Formaður fór yfir starf sitt á milli funda: <ul style="list-style-type: none">Fundur með fulltrúum SHS vegna vaktakerfis 8/12Opnun Eldvarnarátaksins 2017Fundur formanna BSRBAð koma nýjum framkvæmdastjóra inn í starfiðKaup á búnaði vegna skrifstofu og orlofshúsa	Allir SP



	<ul style="list-style-type: none">• Fundur með Jakobínu hjá BSRB réttindanefnd vegna SHS• Fundur með Formanni BSRB vegna utanspítalabjónustu• Undirritun afsals vegna Grandavegs 42.• Opnun áfalla og rannsóknaseturs hjá Háskólanum í Rvk• Sat námskeið - Lota 2 í félagastuðningi. Umsjá: Sálfræðingarnir Lynghálsi og Stephen Regal• Fundur með Sigurjóni Bergssyni HSU vegna podcasts humgyndar.• Svaraði erindi frá félagsmanni vegna launaflokkahækkunar.• Neyðarþjónusta vegna verkfalla. Listi yfirfarinn frá Fjársýslu ríkisins og hann samþykktur.• Þinglýsing á bústöðum í Munaðarnesi í farvegi og verður klárað fyrir áramót. <p>Framkvæmdastjóri lagði fram stjórnaryfirlit frá starfsmönnum um þeirra störf frá miðjum nóvember til mánaðarmóta. Samþykkt að senda fulltrúum félagsins yfirlitið.</p> <p>Fagdeild sjúkraflutningamanna. NP sendi minnisblað til stjórnar um helstu málefni sem fagdeild sjúkraflutningamanna er að sinna í dag.</p> <ul style="list-style-type: none">• Vinnuferlar. Yfirmaður VM er að kalla eftir álitum frá taugasérfræðingum áður en hann sendir ferlana frá sér. Samstarf mun halda áfram við fagdeild sjúkraflutningamanna á nýju ári• Rafræn sjúkraskrá. Tafir hafa orðið á framvindu verkefnisins vegna breytts eignarhalds á fyrirtækinu sem býr til kerfið. Sögusagnir eru um að búið sé að fjármagna verkefnið og því ber að fagna.• Stöðnun á endurnýjun sjúkrabíla. Ekkert gengur í samningaviðræðum á milli RKÍ og ríkisins um endurnýjun sjúkrabíla. NP var í viðtali við mbl.is vegna stöðunnar sem er komin upp.• Sjúkrabíllinn á Raufarhöfn. HSN er að skoða hvort eigi að færa sjúkrabíllinn af Raufarhöfn. Fagdeildin er að skoða málið út frá sjónarhóli HSN, aðstæðum á staðnum, menntunarstigi viðbragðsaðila og hagsmuna sjúklinga á staðnum. Er hægt að vera með blöndu af fagaðilum og vettvangsliðum? Þetta þarf að ræða sig í gegnum.• Starfsleyfi sem bráðatæknir. Búið er að setja upp íslenskt „national registry“ próf fyrir veitingu starfsleyfis sem bráðatæknir. Þetta er 4 tíma próf sem skiptist í skriflegt, verklegt og viðtal. Prófið er á vegum fagráðs sjúkraflutninga og yfirlæknis utanspítalabjónustu. Stjórn	HS NP
--	---	--------------



	<p>fagnar þessum áfanga og óskar skipuleggjendum góðs gengis í framhaldinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> Fór á fund með formanni BSRB, formanni og framkvæmdastjóra LSS vegna fyrirlesturs á aðalþingi BSRB á næsta ári um utanspítalþjónustu. HS/NP var falið teikna upp helstu málefnið sem hægt væri að upplýsa félagsmenn BSRB fram að þingi. <p>MSS. Er að undirbúa lagabreytingar fyrir næsta þing ásamt því að skoða starfsreglur stjórnar og erindisbréf fyrir öll embætti.</p> <p>LSB. Er framkvæmdastjóra innan handar í félags- og kjaramálum.</p> <p>ÁÞ. Er að vinna með orlofsnefnd að viðhaldi og framkvæmdum ásamt því að greina fjármálin með framkvæmdastjóra og koma upp nýjum vinnureglum. Kom að 11 mánaða uppgjöri og fjármálum fyrir stjórnarfund.</p>	
5	<p>Fjármál - 11 mánaða uppgjör og staða sjóða.</p> <p>Farið var yfir 11 mánaða uppgjör félagsins og sjóðsstreymisstöðu sjóða félagsins þ.e. félagssjóður, orlofssjóður, starfsmenntunarsjóður, tryggingasjóður og styrktarsjóður. Staða félagsins er í jafnvægi. Farið var sérstaklega yfir útstreymi styrktarsjóðsins og gefnar skýringar á því. Farið var yfir tryggingasjóðinn og áætluð var innkoman fyrir þetta ár.</p>	ÁÞ
6	<p>Kjaramál</p> <ol style="list-style-type: none"> Yfirlit lögmanns. Lagt var fram minnisblað með stöðu mála hjá lögfræðingi LSS, sem er lögmannsstofan Löggarður. Félagsmenn fá 25% afslátt af verðskrá. Auk nokkurra fyrirspurna sem bárust þá eru níu mál í vinnslu og átta málum lokið. Hugleiðingar stjórnar og framkvæmdastjóra. <ol style="list-style-type: none"> Vettvangsliðar. Skilgreina þarf hugtakið „Vettvangsliðar“ og það þarf að tryggja að þeir hafi réttindi og skyldur innan okkar vébanda sem viðbragðsaðilar og hljóti viðeigandi menntun. NP er falið að koma á fundi með Viðari Magnússyni, yfirlækni utanspítalþjónustu. Félagakerfi og áfallahjálp. Þessi andlegi stuðningur þarf að fá viðurkenningu í kjarasamningum og tryggja þarf að félagsmenn geti fengið faglega aðstoð við andlegum áföllum alls staðar um landið. Er til í leiðbeinandi 	SP/LSB



	<p>heilsufarsstefnu tengt kjarasamningum og þarf að skerpa á því. Góðar umræður um málefnið.</p> <p>c. Fagleg aðstaða fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenna. Tryggja þarf að starfsaðsstaða sé viðunandi og með tækjum í lagi þannig að það ógni ekki starfsöruggi starfsmanna. Góð umræða um málið en engin niðurstaða.</p>	
7	<p>Starfsreglur stjórnar</p> <p>MSS stýrði umræðum um starfsreglur og starfshætti stjórnar. Lögð voru fram drög að starfreglum stjórnar. Í þeim er tekið á almennu skipulagi stjórnar, sameiginlegu verkefni hennar, ábyrgð og hlutverk stjórnarmanna, tengingu hennar við ráð, deildir, nefndir og aðra vinnuhópa, hagsmunaárekstra, um ákvörðunartöku og stjórnafundi. Lögð voru fram drög að erindisbréfum fyrir orlofsnefnd og <i>íþróttanefnd</i>. Stefnt er að því að senda út fyrir næstu kosningar lýsingu á hverju hlutverki fyrir sig innan stjórnar þannig að frambjóðandi átti sig á skyldum og ábyrgð þegar tekur sæti innan stjórnar. Samþykkt að halda áfram með þessa vinnu og klára á næsta fundi.</p>	MSS
8	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Prókúra. Gengið var frá undirskriftum á prókúru fyrir framkvæmdastjóra fyrir RSK og banka. 2. Erindi frá Slökkviliði Borgarbyggðar vegna Eldvarnarátaks. Tekið var jákvætt í erindið og var MSS og HS falið að vinna málið áfram og koma með tillögur til stjórnar um að nútímavæða kynningahluta átaksins. 3. Nefnd um skyndihjálparamann ársins. Stjórn tilnefnir LSB sem fulltrúa LSS. 4. Podcast hugmynd. Farið var yfir innsent erindi vegna podcast hugmyndar. Hugmyndin snýst um að taka um einn þátt fyrir fagmenn sjúkraflutninga og varpa á netið einu sinni í mánuði. Samþykkt var sækja styrk í Velferðaráðuneytið fyrir hugmyndinni. Stjórn vísar verkefninu til fagdeilda til frekari útfærslu og áætlanagerðar. MSS bauðst til að aðstoða við tæknilega útfærslu. 5. Þátttaka í Framadögum. Ákveðið var að taka ekki þátt að þessu sinni en forsvarsmönnum bent á að tala beint við slökkviliðstjóra landsins. 6. Umbun til formanns og starfsmanna LSS. Formaður gerði grein fyrir gamalli hefði fyrir umbun til formanns og starfsmanna LSS. 7. Ímynd og ásýnd LSS. Stjórn samþykkir að leita til markaðsfyrirtækisins að koma með tillögur að nýrri ásýnd hjá félaginu. HS er falið að vinna málið áfram. 8. Sameiginleg áskorun LSS og Rauða krossins til stjórnvalda vegna fjárlaga og endurnýjun sjúkrabíla, aðra 	Allir



	<p>vegna utanspítalabjónustu. Skoða með frétt vegna bráðataekniþrófs. SP/NP er falið að vinna málið áfram með stuðningi framkvæmdastjóra.</p> <ol style="list-style-type: none">9. Eldvarnarátakið. Því er lokið og er öllum málsaðilum þakkað fyrir samstarfið að þessu sinni. Átakið gekk vel fyrir sig og fékk fína umfjöllum í fjölmiðlum. Átakið var sett 23. nóvember á Selfossi, rýmingaræfing var gerð í aðalbyggingu Háskóla Íslands þar sem rektori skólans var bjargað út um glugga byggingarinnar á þriðju hæð.10. Krabbameinsráðstefnan. Lögð var dagskrá ráðstefnunnar. Stjórn óskar eftir fjárhagsáætlun um verkefnið og felur formönnum fagdeilda að vera tengiliður við verkefnið. Bjarni Ingimarsson, aðalskipuleggjandi, hefur í samráði við LSS sótt um styrki til slökkviliðsstjóra vegna ráðstefnunnar. Stjórn óskar skipuleggjendum góðs gengis.11. Átak varðandi fræðslu og þjálfun í akstri sjúkra- og slökkviliðsbíla. Sigurður Þór Elísson og Anton Carrasco eru að vinna með sjúkraflutningaskólanum að breytingum. Stjórn LSS hefur verið upplýst málið og mun formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna fylgjast með framvindu mála. Stjórn LSS samþykkir að leita til heilbrigðisráðuneytisins og óska eftir því að fá þetta samþykkt í reglugerð sambærilega og hjá lögreglunni. NP er falið að vinna málið áfram.12. Námskynning um Paramedic námið. Félagsmaður óskaði eftir því við formann og framkvæmdastjóra að halda kynningar um land allt fyrir sjúkraflutningafólk og framhaldsskólanemendur um nám sitt sem viðkomandi er í erlendis. Erindinu er vísað til formanns fagdeildar sjúkraflutningamanna til frekari úrvinnslu og ákvarðanatöku.13. Fundargerð Eldvarnarbandalagsins. Lögð fram.14. Bústaður í Munaðarnesi. Tjón varð í einum bústaðnum í Munaðarnesi 14.12.2017 þegar var verið að laga vatnsþrýsting í bústöðunum. Hann verður tekinn úr útleigu í tvo mánuði á meðan viðgerð stendur yfir. <p>Fleira ekki tekið fyrir, formaður þakkar fyrir störfun á árinu og úthlutar jólagjöfum til stjórnar og starfsmanna. Fundi er slitið kl. 18.30 og farið á árlegt jólahlaðborð stjórnar LSS.</p>	
--	---	--